



Ársskýrsla velferðarsviðs

2022



ÁRSSKÝRSLA VELFERÐARSVIÐS REYKJAVÍKURBORGAR 2022

Útgefandi:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 1111

Efnisyfirlit

1 / Velferðarsvið í hnotskurn	4
Gildi velferðarsviðs	4
Ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs	5
Ávarp formanns velferðarráðs	7
2 / Þjónusta	9
Börn og fjölskyldur	12
Eldra fólk	17
Fatlað fólk 18 ára og eldra	23
Flóttafólk	27
Heimilislaust fólk	32
Fjárhagsaðstoð	35
Húsnæði	41
Stuðningur í heimahúsi	44
Virgni og endurhæfing	51
Ítarlegri tölfræði	54
3 / Starfsemi	56
Starfsfólk	59
Viðhorf og líðan	62
4 / Rekstur	64
5 / Annáll	69



Velferðarsvið í hnotskurn

19.169

Fjöldi notenda sem fékk þjónustu frá velferðarsviði árið 2022

3.557

Fjöldi starfsfólks velferðarsviðs að meðaltali í mánuði árið 2022

40.019

Heildarrekstrargjöld velferðarsviðs í milljónum króna árið 2022

Gildi velferðarsviðs

Virðing

Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við.

Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Virknir

Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum.

Við vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði notenda og starfsfólks velferðarþjónustu.

Velferð

Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa.

Við vinnum að lausnum og veitum skilvirka velferðarþjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins.



Stefnum í átt að framúrskarandi þjónustu við íbúa

– ávarp sviðsstjóra velferðarsviðs

Fyrir rétt tæpu ári síðan, í nóvember árið 2022, tók ég við stöðu sviðsstjóra á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Ég hef lengi lifað og hræst í velferðarmálum. Ég gegndi stöðu sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar áður en ég var ráðin til Reykjavíkurborgar og þar áður var ég staðgengill félagsmálastjóra í Reykjanesbæ. Ég hafði því ákveðnar hugmyndir og væntingar til starfsins og starfsfólksins á velferðarsviði. Hvort tveggja starfsemin og mannauðurinn hefur heldur betur staðið undir þeim væntingum. Það hefur verið sannkölluð ánægja að kynnast á velferðarsviði öllu þessu fólki sem kann sitt fag, hefur djúpan áhuga og raunverulegan metnað á því að móta og veita framúrskarandi velferðarþjónustu. Velferðarsvið er eftirsóknarverður vinnustaður, ekki síst vegna þess að þegar svo margt hæfileikaríkt fólk sameinar krafta sína er hægt að leysa jafnvel flóknustu úrlausnarefni.

Innan borgarinnar er mikil gerjun á öllum sviðum og þar eru velferðarmálin engin undantekning. Við erum að taka stór skref þegar kemur að stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra. Við vinnum hörðum höndum að því að ná fram markmiðum farsældarlaganna um að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, án hindrana. Leið Reykjavíkurborgar til að ná fram þeim markmiðum er í gegnum verkefnið Betri borg fyrir börn. Ætlunin er að bæta þjónustu, færa hana nær notendum og auðvelda aðgengi að henni, meðal annars með stafrænum lausnum, nýrri nálgun í sérfræðiþjónustu og stóráukinni samvinnu.





Við vinnum að því brjóta niður múra, milli deilda, sviða, stofnana og kerfa. Samtal, samráð og samvinna eru allt lykilatriði, það vitum við og tökum alvarlega. Við á velferðarsviði vinnum nú þétt með skóla- og frístundasviði og þjónustu- og nýsköpunarsviði við að samhæfa alla skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu í miðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þar starfa nú allir helstu sérfræðingar í málefnum barna á einum og sama staðnum, sem styttir boðleiðir og færir þjónustuna nær börnunum og fjölskyldum þeirra.

Í nýjum reglum, annars vegar um stuðningsþjónustu og hins vegar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk, sem samþykktar voru snemma á árinu má einnig merkja auknar áherslur á okkar samstarf og samráð við notendur þjónustunnar. Í þeim endurspeglast einnig áherslan á stafrænar lausnir og einföldun umsýslu. Rafvæðing þjónustunnar er á blússandi siglingu hjá okkur og þar gegnir Rafræn miðstöð, sem varð til í kjölfar skipulagsbreytinganna sem velferðarstefnan leiddi af sér, lykilhlutverki. Miðstöðin færir hratt í þá átt að verða fyrsta stopp notenda að þjónustunni, sem léttir álagi af öðrum miðstöðvum borgarinnar og skapar rými til dýpri vinnu við einstaklingsmál þar. Þannig sparar Rafræna miðstöðin borgurunum sporin og hjálpar okkur til við að veita betri þjónustu.

Innleiðing velferðarstefnunnar snertir allt okkar starf á velferðarsviði, enda er stefnan okkar leiðarljós fram til ársins 2030. Í öllum þeim samfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað er mikilvægt að hafa einkunnarorð stefnunnar á bak við eyrað – að Reykjavík er og á að vera fyrir okkur öll. Verkefnið er ærið og stundum flókið en við leggjum okkur öll fram við að veita velferðarþjónustu sem nær til allra og skiljum engan útundan. Markmiðið er framsækin og fagleg þjónusta sem hefur alltaf þarfir íbúanna að leiðarljósi.

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs



Öll viljum við eiga gott líf

Það er staðreynd að samfélög, þar sem samstaða og samhjálp er mikil eru farsælli en samfélög þar sem fólk hugsar fyrst og fremst um eigin hag. Góð velferðarþjónusta sem jafnar tækifæri og lífsskilyrði fólks er þannig ein af forsendum farsæls samfélags og það hlutverk tökum við í velferðarráði Reykjavíkurborgar alvarlega. Þjónusta okkar á að vera góð og stuðla að farsæld okkar allra.

Reykjavíkurborg tók stórt og mikilvægt skref með samþykkt velferðarstefnu og það má segja að innleiðing stefnunnar hafi einkennt starf velferðarráðs síðasta árið. Þróun þjónustu í þá átt að hún sé aðgengileg, veitt á forsendum notenda og í því umhverfi sem notandi kys er í fullum gangi. Í því augnamiði að gera þjónustuna aðgengilega voru til að mynda yfirfarin öll stöðluð bréf og upplýsingar um velferðarþjónustu borgarinnar, og textanum þannig breytt að notað væri vandað, skýrt og ekki síst auðskilið mál.

Við höfum líka lagt áherslu á að efla snemmtæka þjónustu og forvarnir ekki síst í málefnum barna og ungmenna. Verkefnið Betri borg fyrir börn lofar góðu en það gengur út á að samþætta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning sem fyrst.






Samráði við íbúa, notendur þjónustunnar og hagsunasmótök notenda hefur verið fléttað inn í vinnuferla sviðsins. Bæði við veitingu og þróun þjónustu en ekki síst þegar Velferðarráð er að setja nýjar stefnur eða reglur. Kjörnir fulltrúar eru fulltrúar íbúa í stjórn borgarinnar og fyrir okkur er gríðarlega mikilvægt að heyra frá fyrstu hendi sjónarmið notenda. Velferðarráð heldur opna fundi að jafnaði sjö sinnum á ári, svokallað velferðarkaffi þar sem við tökum fyrir málefni og eigum beint samtal við borgarbúa.

Á síðustu árum hafa kröfur til velferðarþjónustu aukist og það er gott. Við munum sjá öra þróun á næstu árum, íbúa samsetningin er að breytast og við eigum stöðugt að aðlaga okkur að því. Mælaborð velferðarþjónustu Reykjavíkur er öllum opið en þar má fylgjast með þróun og mati á árangri þjónustunnar. Við Reykvíkingar eigum borgina okkar saman og við eigum að hafa greiðan aðgang að því að hafa áhrif á hvernig samfélag okkar þróast og aðgang að upplýsingum um árangur og ánægju með þjónustu. Stundum flokkum við fólk í eldra-, ungt-, heimilislaust-, fatlað-, flóttafólk og svo framvegis og ég velti stundum fyrir mér hvort það þurfi. Því í við erum jú öll fólk sem viljum eiga gott líf í borginni okkar allra og velferðarþjónusta er sam hjálpi til að við getum öll átt það.

Þetta eru spennandi tímar í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar – megi virðing og umhyggja einkenna öll okkar störf.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Formaður velferðarráðs




Þjónusta

Mikið kapp var lagt á að þróun þjónustu á árinu 2022. Unnið er að því að færa hana nær notendum og auðvelda aðgengi að henni, meðal annars með stafrænum lausnum, nýrri nálgun í sérfræðiþjónustu og stórauðvinnu samvinnu. Þetta er meðal annars í gegnum í Rafræna miðstöð og á miðstöðvunum fjórum í borginni. Þar hefur skóla- og frístundaþjónusta og velferðarþjónusta verið sameinuð með tilheyrandi skipulagsbreytingum.

Líkt og síðustu ár jókst þörfin fyrir velferðarþjónustu á árinu 2022. Sú aukning náði til flestra málaflokka sem heyra undir velferðarsviði. Mestu munaði um að notendum fjárhagsaðstoðar fjölgaði til muna, eða um 29%. Það skýrðist fyrst og fremst af mikilli fjölgun flóttafólks. Langtímanotendum fjárhagsaðstoðar fækkaði hins vegar milli ára.



FJÖLDI NOTENDA EFTIR ÞJÓNUSTUFLOKKUM




19.418
einstaklingar fengu þjónustu á velferðarsviði



4,6%
aukning milli ára
(18.504 árið 2021)


KYNJASKIPTING NOTENDA VELFERÐARSVIÐS ÁRIÐ 2022




■ Konur 52,1%
■ Karlar 47,8%
■ Kvár 0,1%



FJÖLDI NOTENDA EFTIR RÍKISFANGI



HLUTFALL NOTENDA ÁRIÐ 2022 EFTIR RÍKISFANGI



**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**




Börn og fjölskyldur


Börn og fjölskyldur þeirra geta fengið fjölbreyttan stuðning til að mæta þörfum sínum. Það getur meðal annars verið í formi skólaþjónustu, sem veitt er á miðstöðvum borgarinnar, og stuðningsþjónustu en hún felur í sér margþættar lausnir sem eru útfærðar eftir þörfum hvers og eins.

Þá veitir Barnavernd Reykjavíkur börnum og foreldrum í vanda stuðning, ráðgjöf og lausnir.





ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG FJÖLSKYLDUR 2022 – FJÖLDI NOTENDA



[Skólaþjónusta](#) er veitt frá miðstöðvum velferðarsviðs og berast umsóknir ýmist beint frá foreldrum eða skólum í samráði við foreldra.

Keðjan sér um framkvæmd [stuðningsþjónustu fyrir börn og foreldra](#) þvert á borgina í samráði við miðstöðvar velferðarsviðs. Umsóknir um stuðningsþjónustu berast miðstöðvum þar sem fram fer mat á þjónustupörf.



Grundvallarnálgun í starfsemi [heimila fyrir fötluð og langveik börn](#) eru jákvæð samskipti og samvinna við foreldra. Hlutverk skammtímadvala er að veita börnum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns og veita fjölskyldum þeirra stuðning.



Stuðningsþjónusta fyrir börn og foreldra – fjöldi notenda

Stuðningsþjónusta fyrir börn og foreldra felur í sér fjölbreyttar lausnir sem eru útfærðar eftir þörfum hvers og eins. Foreldrar fá stuðning við uppeldishlutverkið og börn frá stuðning til að auka virkni, bæta samskipti og efla sjálftraust sitt.

FJÖLDI TILVÍSANA UM SKÓLAÞJÓNUSTU



Tímabilið frá árinu 2017 hefur einkennst af mikilli og aukinni eftispurn eftir skólaþjónustu. Covid-19 ýtti undir þá þróun. Á árinu 2022 fækkaði hins vegar bæði tilvisunum í skólaþjónustu og börnum sem fengu þjónustu.


Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2017 sem tilvisunum fækkar milli ára en þá voru tilvísarnir samtals 1.594.

Milli árana 2021 og 2022 varð 6% fækkun á börnum sem fengu skólaþjónustu og 8% fækkun umsókna.




Algengustu ástæður tilvísana til skólajónustu

Við tilvísun barna til skólajónustu eru helstu ástæður tilgreindar. Fækkunin er mest á tilvísunum vegna málproskavanda, eða um 21%, og námserfiðleika, eða um 20%. Aukningin er mest vegna slakrar skólasóknar 46% og vegna tilfinningalegra erfiðleika 34%




Fjöldi tilkynninga til [barnaverndar](#) stóð í stað milli árunna 2021 og 2022, eftir metár tilkynninga árið 2020. Börnum sem tilkynnt var um fækkaði hins vegar milli ára um 5%. Skýringin er sú að fleiri tilkynningar berast um hvert barn.

Ástæður tilkynninga skiptast í þrjá yfirflokka. Fjölgun var milli ára í tilkynningum um áhættuhegðun barna um 4% og vanrækslu um 3%. Tilkynningum um ofbeldi fækkaði um 10%.






ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA TIL BARNAVERNÐAR



Vinnsla barnaverndar

Foreldrar og börn sem eru með mál í vinnslu hjá barnavernd geta fengið fjölbreyttan [stuðning og ráðgjöf](#).

Umfang vinnslu barnaverndar dróst saman milli ára í eftir metár 2021.



Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SJÁ MEIRA UM MIÐSTÖÐVAR



Eldra fólk



Eldra fólk í Reykjavík fær margvíslegan stuðning við að lifa innihaldsríku lífi og taka virkan þátt í samfélaginu. Þjónusta við hópinn er afar fjölbreytt, enda stór og mikilvægur hluti af starfsemi velferðarsviðs. Þannig teljast 23% notenda velferðarþjónustu til eldra fólks.



Þjónusta við eldra fólk

Markmiðið með þjónustu við eldra fólk er að það fái stuðning til að geta búið á eigin heimili. Þannig miðar allur stuðningur að því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kys.

Undir fjölbreytta þjónustu við eldra fólk fellur meðal annars [heimastuðningur](#), [heimahjúkrun](#), [heimsendur matur](#), [akstursþjónusta](#), [hádegisverður á félagsmiðstöðvum](#), [félagsstarf](#), [dagdvöl](#), [þjónustuíbúðir](#) og [hjúkrunarheimili](#).





Heimaþjónusta


Heimaþjónusta er samþætt þjónusta [heimahjúkrunar](#) og [heimastuðnings](#). Starfsfólk fer í heimahús og veitir þar stuðning við athafnir daglegs lífs og hjúkrun eftir þörfum. Heimaþjónusta getur verið í formi endurhæfingar í heimahúsi, fíkniráðgjafar eða velferðartækni á borð við skjáheimsóknir eða lyfjaskammtara.

Fjöldi eldri notenda í heimastuðningi er nokkuð stöðugur milli ára en notendum heimahjúkrunar hefur fjölgað í takti við þróun í þjónustuframboði og aukna áherslu á að fólk geti búið sem lengst í heimahúsi.


→ **79%**
notaenda heimastuðnings voru 67 ára og eldri

78%
notaenda heimahjúkrunar voru 67 ára og eldri

FJÖLDI ELDRI NOTENDA Í HEIMASTUÐNINGI



FJÖLDI ELDRI NOTENDA Í HEIMAHJÚKRUN





Akstursþjónusta eldra fólks

Akstursþjónusta eldra fólks er fyrir þau sem ekki geta nýtt sér almenningsamgöngur eða eigið farartæki.


Eftirspurn eftir akstursþjónustu hélst í hendur við framgang heimsfaraldurs Covid-19. Þannig minnkaði notkunin til muna þegar heimsfaraldurinn var í hámarki en jókst á ný á árunum 2021 og 2022. Fjöldi ferða er nú svipaður og hann var fyrir Covid-19 en notendurnir eru orðnir fleiri.




56

er meðalfjöldi ferða á hvern eldri notanda á ári

FJÖLDI ELDRI NOTENDA



FJÖLDI FERÐA ELDRA FÓLKS





Hádegismatur fyrir eldra fólk

Reykjavíkurborg vill sporna við félagslegri einangrun og býður upp á félagsstarf og heitan mat í hádeginu í 17 [félagsmiðstöðvum](#).

Notendur sem geta ekki annast matseld sjálfir og hafa ekki tæk á að borða mat í félagsmiðstöðvum geta fengið [heimsendan mat](#).

Í heimsfaraldri Covid-19 jókst heimsending matar og var árið 2020 metár í þjónustunni, bæði hvað varðar fjölda notenda og fjölda máltíða. Síðan hefur notendum fækkað en þeir eru þó fleiri en þeir voru fyrir Covid-19.




79%

notaenda heimsends matar eru 67 ára og eldri


73%

máltíða heimsends matar fóru til 67 ára og eldri

FJÖLDI ELDRI NOTENDA



FJÖLDI MÁLTÍÐA ELDRA FÓLKS





Hvað segja notendur?

Undanfarin ár hafa verið gerðar fjölmargar kannanir þar sem kallað er eftir viðhorfi notenda til þjónustu velferðarsviðs. Þjónustuþættir sem kannaðir hafa verið þar sem eldra fólk eru stór notendahópur eru til dæmis [heimastuðningur](#), [heimahjúkrun](#), [dagdvöl](#) og [þjónustuíbúðir](#).



Vingjarnlegt viðmót starfsfólks upplifa:

95%

notenda heimahjúkrunar

94%

notenda heimastuðnings

79%

notenda í þjónustuíbúðum

73%

notenda dagdvala


Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR



Fatlað fólk 18 ára og eldra

Þeim fjölgaði á árinu sem höfðu þörf fyrir þjónustu ætlaða fötluðu fólki. Þannig fengu 1441 einstaklingur þjónustu frá velferðarsviði samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk. Það var 0,1% aukning milli ára. 506 einstaklingar bjuggu í húsnæði fyrir fatlað fólk sem var 3% aukning á milli ára.



**1.441**

einstaklingur fékk þjónustu
skv. lögum um þjónustu við
fatlað fólk

0,1%

aukning milli ára
(1.426 árið 2021)


**506**

einstaklingar bjuggu í
húsnæði fyrir fatlað fólk

3%

aukning milli ára
(489 árið 2021)

FJÖLDI NOTENDA Í HELSTU ÞJÓNUSTU FYRIR FATLAÐ FÓLK





Notendastýrð persónuleg aðstoð

Alls voru 29 samningar um [notendastýrða persónulega aðstoð \(NPA\)](#) í gildi í lok árs 2022.

Hvað segja notendur?

Umfangsmikil könnun var framkvæmd á árinu 2022 meðal [fatlaðs fólks í virkniþjónustu](#). Undir virkniþjónustu fellur hvers kyns vernduð vinna, hæfing og virkniþjálfun. Meðal annars var spurt um líðan fólks í virkniþjónustu, hvort fólk hefði val um virkni og hvað gert væri.

[Heildarniðurstöður könnunar](#)



69%

líður alltaf eða nær alltaf vel í virkniþjónustunni

99%

finnst gaman í virkniþjónustunni

36%


myndu stundum vilja gera eitthvað annað

92%

líkar vel við starfsfólk virkniþjónustunnar



Íbúar í húsnæði fyrir fatlað fólk



Hvað segja notendur?

Á árinu 2022 var gerð könnun á meðal fatlaðra notenda í [stuðnings- og stoðþjónustu](#). Markmiðið var að kanna viðhorf, ánægju og traust notenda til þjónustunnar.

Hér má sjá [heildarniðurstöður könnunarinnar](#).

Allar kannanir velferðarsviðs í málaflokki fatlaðs fólks eru unnar út frá [gæðaviðmiðum fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk](#) sem Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála gefur út.

46%

fá alltaf eða nær alltaf þann stuðning sem þau þurfa

72%

treysta þjónustunni sem þau fá

94%


upplifa vingjarnlegt viðmót frá starfsfólki

66%

fá þann stuðning sem þau þurfa til að sinna heimilinu

Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR




Flóttafólk

Aldrei hefur fleira flóttafólk komið til landsins eins og á árinu 2022, sem helst í hendur við að aldrei hefur fleira fólk verið á flótta í heiminum.

Langstærstur hluti hópsins settist að í Reykjavík og hefur þjónusta við flóttafólk fyrir vikið aukist og þróast hratt í höfuðborginni. Stærsti hópur flóttafólks í Reykjavík eru einstaklingar frá Úkraínu og Venesúela.




Flóttafólk með þjónustu velferðarsviðs*



Fjöldi flóttafólks með þjónustu velferðarsviðs

Eftir kyni*
1.000



*Einstaklingar með stöðu flóttafólks sem hafa fengið þjónustu hjá velferðarsviði, óháð því hvenær þeir komu til landsins.



Fjöldi flóttafólks eftir ýmsum þjónustubáttum velferðarsviðs



702

notendur voru með einstaklingsáætlun


576

notendur fengu sérstakan hússnæðisstuðning

12

foreldrar fengu foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf

21

notandi tók þátt í Fjölsmiðjunni

Fjöldi flóttafólks með fjárhagsaðstoð

Eftir kyni*

Notendum í hópi flóttafólks sem fær fjárhagsaðstoð fjölgaði mikið milli ára, eða um 164%. Þessi mikla aukning kemur einkum til vegna flóttafólks frá Úkraínu og Venesúela.


Aukningin meðal kvenna í hópi flóttafólks nam 265% en hún var 96% í hópi karla. Úkraínskar konur eru stærsti einstaki hópur kvenna sem fær fjárhagsaðstoð. Þær voru 649 talsins árið 2022 eða 60% allra flóttakvenna sem fá fjárhagsaðstoð.

■ 2020 ■ 2021 ■ 2022

*Velferðarsvið skráir líka önnur kyn en einstaklingar að baki þeirri skráningu eru ekki nægilega margir fyrir greiningu sem þessa.



Fjöldi flóttafólks í samræmdri móttöku




Samræmd móttaka flóttafólks

Reykjavíkurborg er með samning við ríkið um samræmda móttöku flóttafólks. Markmiðið með samræmdri móttöku er að tryggja samfellda og jafna þjónustu, óháð því hvaðan fólk kemur. Þau sem fá þjónustu á grundvelli samningsins er flóttafólk sem er ný- eða nýlega komið til landsins. Það hefur rétt á þjónustu í samræmdri móttöku í allt að þrjú ár eftir að það fær réttarstöðu flóttafólks.

Lögð er áhersla á aðstoð sem snýr að því að vinna úr áföllum og að fólk fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, svo sem með atvinnu og námi.

Núgildandi samningur var gerður í nóvember 2022. Hann gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg veiti allt að 1.500 manns þjónustu á hverjum tíma. Fyrri samningur gerði ráð fyrir 500 manns.


Algengustu ríkisföng flóttafólks sem fær samræmda móttöku eftir algengustu ríkisföngum






Fjöldi flóttafólks sem fær samræmda móttöku

eftir fjölskyldugerð




Fjöldi flóttafólks sem fær samræmda móttöku

eftir miðstöð



**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**



Heimilislaust fólk

Reykjavíkurborg veitir heimilislausu fólki með miklar og flóknar þjónustuþarfir margvíslegan stuðning. Rekin eru þrjú neyðarskýli í Reykjavík. Þá veitir Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjavíkurborgar margvíslegan einstaklingsbundinn stuðning, bæði á vettvangi en einnig í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar sem sérstaklega er ætlað heimilislausu fólki með miklar og flóknar þjónustuþarfir, í félagslegu húsnæði eða húsnæði á almennum markaði.




Neyðarskýli


Neyðarskýli í Reykjavík eru fyrir **heimilislaust fólk**.

Myndirnar sýna fjölda gesta og gistinátta í þeim þremur neyðarskýlum sem rekin eru í Reykjavík, auk tveggja tímabundinna neyðarskýla sem starfrækt voru á árinu 2020 og 2021. Tilgangur tímabundnu neyðarskýlanna var að fjölga gistirýmum á tímum Covid-19 og að minnka smithættu meðal gesta.

GESTIR Í NEYÐARSKÝLUM




GISTINÆTUR Í NEYÐARSKÝLUM



Gestum fjölgaði um rúm 16% á milli ára og fjöldi gistinátta jókst um 23%. Líklega má annars vegar rekja aukninguna á tímabilinu til áhrifa Covid-19 faraldursins og hins vegar þrenginga á húsnæðismarkaði í framhaldi af honum, þegar heimilislaust fólk hafði í færri hús að venda.

GESTIR GISTISKÝLA EFTIR LÖGHEIMILI – HLUTFALL



Reykjavík er eina sveitarfélagið sem rekur gistiskýli fyrir heimilislausa. Gistiskýlin nýta íbúar af öllu landinu og hópur gesta sem ekki á lögheimili í Reykjavík er nokkuð stór. Fjöldi gesta sem ekki hafa lögheimili í Reykjavík var 115 árið 2022 en þeir voru 75 árið 2021. Hópurinn stækkaði því um 53% milli ára.



Vettvangs- og ráðgjafarteymi

Tilgangur **Vettvangs- og ráðgjafarteymis** (VoR-teymis) er að aðstoða heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustubarfir. Teymið veitir fjölbreytta aðstoð, stuðning og ráðgjöf og miðlar upplýsingum um þjónustu sem er í boði. Teymið starfar meðal annars með fólki sem sækir gistiskýli borgarinnar, fólki sem býr í smáhúsum og íbúðum þar sem þjónusta er veitt á grundvelli hugmyndafræðinnar húsnæði fyrst.

110

í þjónustu VoR teymis

71

karlar með þjónustu

39

konur með þjónustu

Viltu vita meira?

Ítarleg úttekt á stöðu heimilislausra í Reykjavík var framkvæmd á velferðarsviði í október 2021. Þar kom meðal annars fram að 301 einstaklingur var heimilislaus. Langstærsti hluti hópsins, eða 54%, býr í húsnæði fyrir heimilislausa á vegum Reykjavíkurborgar eða á áfangaheimilum. 31% hópsins nýtir neyðargistingu en átta einstaklingar, eða 3% hópsins, hafast við „á víðavangi“ við slæmar aðstæður.

54%

býr í húsnæði fyrir heimilislausa

31%

nýtir neyðargistingu

Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR



Fjárhagsaðstoð

Á árinu 2022 fjölgaði þeim verulega sem fá fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, sem skýrist af miklum fjölda flóttafólks sem kom til landsins á árinu. Fjárhagsaðstoð er fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar, með það að markmiði að styðja fólk til sjálfshjálpar og stuðla að því að geti framfleytt sér.





Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð 2022

Allar tegundir aðstoðar

Á árinu 2022 fengu 4.557 einstaklingar fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Það er aukning um 29% á milli ára sem má rekja til mikillar fjölgunar flóttafólks. Þegar hópur flóttafólks er skoðaður sérstaklega má sjá að aukningin nemur 165% á milli ára. Nánar er fjallað um flóttafólk í kafla sérstaklega tileinkuðum hópnum.

Myndin sýnir fjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu og allar heimildargreiðslur. Undir þær falla til dæmis náms-, húsbúnaðar- og útfarastyrkir og aðstoð vegna barna.



Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð

eftir fjölda mánaða sem aðstoð var veitt 2012–2022

Langtímanotendum fjárhagsaðstoðar fækkar á milli ára en til þeirra teljast þau sem fengu aðstoð í 12 mánuði. Notendum sem fengu fjárhagsaðstoð í 3 mánuði eða skemur fjölgaði hins vegar töluvert, sem skýrist af mikilli fjölgun flóttafólks í Reykjavík.




Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð

eftir kyni*

Notendum fjárhagsaðstoðar fjölgaði á milli ára, bæði í hópi kvenna og karla. Aukningin nam 42% í hópi kvenna og 19% í hópi karla. Lengi hafa fleiri karlar en konur fengið fjárhagsaðstoð en á árinu 2022 dróst mikið saman með kynjunum.

Aukninguna í hópi kvenna má einkum rekja til flóttakvenna. Þær voru 300 talsins árið 2021 en fjölgaði í 1.095 árið 2022. Aukningin er 265% á milli ára. Úkraínskar konur eru stærsti einstaki hópur kvenna. Þær voru 649 talsins á árinu 2022 eða 29% allra kvenna með fjárhagsaðstoð.




Velferðarsvið skráir einnig önnur kyn en einstaklingar að baki þeirri skráningu eru ekki nægilega margir til að geta verið hluti af greiningu sem þessari.

Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð


Fjöldi flóttafólks og annarra notenda

Fjöldi flóttafólks jókst mjög mikið milli áráanna 2021 og 2022 eða um 165%. Það kemur einkum til vegna komu flóttafólks frá Úkraínu en einnig frá Venesúela. Alls voru 942 einstaklingar með fjárhagsaðstoð frá Úkraínu og 403 frá Venesúela.






Þróun notenda með fjárhagsaðstoð og helstu atburðir eftir mánuðum frá janúar 2020 til desember 2022






Fjöldi atvinnulausra með bótarétt og notendur fjárhagsaðstoðar til framfærslu eftir mánuðum frá janúar 2012 til desember 2022

Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð helst yfirleitt í hendur við atvinnuástandið í samfélaginu. Á árinu 2022 var þróunin hins vegar önnur þegar atvinnulausum fækkaði en fólki með fjárhagsaðstoð fjölgaði. Það skýrist af aukningu í hópi flóttafólks.





Fjöldi rafrænna umsókna um fjárhagsaðstoð eftir mánuðum frá apríl 2019 til desember 2021



Hvað segja notendur?

Undanfarin ár hafa verið gerðar fjölmargar kannanir þar sem kallað er eftir viðhorfi notenda til þjónustu velferðarsviðs. Könnun var lögð fyrir langtímanotendur fjárhagsaðstoðar árin 2021 og 2022 til að kanna hug notenda til þess stuðnings sem þeir fá.

Heildarniðurstöður könnunar



71%

notenda
töldu upplýsingar um fjárhagsaðstoð aðengilegar

63%

notenda
fannst auðvelt að sækja um fjárhagsaðstoð

63%

notenda
vilja sækja um með rafrænni umsókn

81%

töldu ráðgjöfina hafa mætt þörfum þeirra

Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SKYRSLA
SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR





Húsnæði

Í öllum hverfum borgarinnar eru félagslegar leiguíbúðir sem ætlaðar eru fjölskyldum og einstaklingum undir tilteknum eigna- og tekjumörkum, auk leiguíbúða fyrir aldraða og fólk með fötlun. Á árinu 2022 var úthlutað í 134 almennar félagslegar íbúðir, 66 þjónustuíbúðir, 31 íbúð eða annars konar húsnæði fyrir fatlað fólk og 33 íbúðir eða annars konar húsnæði fyrir heimilislausla með miklar og flóknar þjónustuþarfir.




Fjöldi úthlutana í félagslegt leiguhúsnæði





Biðlisti eftir félagslegu leiguhúsnæði




Fjöldi notenda sem fékk sérstakan húsnæðisstuðning

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárhagsleg aðstoð við fjölskyldur og einstaklinga á leigumarkaði sem þurfa stuðning vegna greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur frá Húsnæðis- og mann-virkjastofnun.

Notendum sem fengu sérstakan húsnæðisstuðning fækkaði um **1,6%** milli ára.

Viltu vita meira?



Allar kannanir og úttektir
Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR




Stuðningur í heimahúsi

Velferðarsvið veitir einstaklingum og fjölskyldum margvíslegan stuðning á heimilum þeirra. Undir stuðning í heimahúsi fellur meðal annars heima-stuðningur og heimahjúkrun. Markmiðið er að veita einstaklingsbundna þjónustu og stuðla að því að fólk geti búið sem lengst heima hjá sér við góð lífsgæði.



HEILDARFJÖLDI NOTENDA SEM FÆR HEIMASTUÐNING OG / EÐA HEIMAHJÚKRUN




Heimaþjónusta

Heimaþjónusta er samþætt þjónusta heimahjúkrunar og heimastuðnings. Starfsfólk fer í heimahús og veitir þar stuðning við athafnir daglegs lífs og hjúkrun eftir þörfum. Heimaþjónusta getur einnig verið í formi endurhæfingar í heimahúsi, fíkniráðgjafar eða velferðartækni á borð við skjáheimsóknir eða lyfjaskammtara.




37%

notenda fá samþætta heimaþjónustu (1.703 notendur)



FJÖLDI VINNUSTUNDA



Heimastuðningur

Notendum sem fá [heimastuðning](#) fækkar lítillega milli ára. Þetta kemur til vegna áherslu á endurhæfingu í heimahúsum. Teymi sem sinna slíkri endurhæfingu vinna að því að aðstoða fólk við að ná færni á ný eftir slys og/eða veikindi. Þannig minnkar þörfin fyrir heimastuðning.



Heimahjúkrun


Síðustu ár hefur heilbrigðisþjónusta í heimahúsi aukist, sem er í samræmi við samning Reykjavíkurborgar og Sjúkratrygginga.

Notendum [heimahjúkrunar](#) hefur fjölgað sem meðal annars má rekja til þess að nú fá fleiri [endurhæfingu í heimahúsum](#) og þá hefur nýting [velferðartækni](#) og heilbrigðistæknilausna aukist til muna.


Með tilkomu [SELMU](#), sérhæfðs teymis sem styður við heimahjúkrun, og ráðningu fíkniráðgjafa hefur verið hægt að styðja betur við veitta þjónustu.

Þetta hefur leitt til þess að hægt er að sinna notendum heimahjúkrunar bæði lengur og betur heima fyrir en áður.

FJÖLDI NOTENDA




FJÖLDI VINNUSTUNDA





Hvað segja notendur?


Á árinu var framkvæmd könnun meðal notenda heimahjúkrunar. Markmiðið var að meta gæði þjónustunnar og kanna hug þeirra til þjónustunnar og viðmóts starfsfólks.



Endurhæfing í heimahúsi

[Endurhæfing í heimahúsi](#) er sérsniðin að þörfum og markmiðum hvers og eins. Markmiðið er að auka færni notenda til að sjá um sig sjálf og sinna athöfnum daglegs lífs.

Notendur voru alls 773 og er aukningin 3% á milli ára.





Velferðartækni

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar vinnur að prófunum og innleiðingu velferðartækni. Með það að markmiði að auðvelda fólki að búa lengur á eigin heimili við betri lífsgæði.

Stærstu verkefni Velferðartæknimiðjunnar hingað til eru innleiðingar skjáheimsókna og lyfjaskammtara sem hófust á árunum 2020 og 2021.



88%

notendur nýttu sér skjáheimsóknir



57%

notendur nýttu sér lyfjaskammtara

Hvað segja notendur?

Árið 2022 var könnun framkvæmd á meðal notenda í tilraunaverkefni með lyfjaskammtara. Gerðar voru kannanir fyrir og eftir innleiðingu þeirra, með það að markmiði að kanna hug notenda. Sérstaklega var leitast við að svara því hvort lyfjaskammtarar auki sjálfstraust og öryggi notenda.



95%

notenda treysta lyfjaskammtaranum

73%

töldu sig hafa fengið fullnægjandi kennslu á lyfjaskammtarann

67%

upplifðu meira sjálfstæði með notkun lyfjaskammtarans


100%

finnst auðvelt að nota lyfjaskammtarann




Heimsendur matur


Enn gætir áhrifa heimsfaraldurs Covid-19 á velferðarsviði, meðal annars í eftirspurn eftir [heimsendum mat](#). Eftirspurnin jókst mikið við upphaf faraldursins en minnkaði aftur við rénun hans. Hvort tveggja máltíðum og notendum fækkar nú milli ára. Þrátt fyrir það er eftirspurn eftir heimsendum mat langt umfram það sem hún var fyrir faraldurinn, þegar notendur voru um 800 talsins og máltíðir í kringum 90.000.



FJÖLDI MÁLTÍÐA




FJÖLDI NOTENDA






Akstursþjónusta


Akstursþjónusta fyrir **fatlað fólk** og **eldra fólk** hélst einnig í hendur við framgang Covid-19 faraldursins. Þannig minnkaði eftirspurnin samfara aukningu smita og samkomutakmörkunum en jókst á ný þegar liðka fór um í samfélaginu. Bæði heildarfjöldi notenda og ferða jukust á árinu 2022 samanborðið við árið 2021. Notendur akstursþjónustu eru nú fleiri en fyrir faraldurinn en ferðirnar eru ennþá færri.



FJÖLDI MÁLTÍÐA



FJÖLDI NOTENDA



Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu

SJÁ MEIRA UM MIÐSTÖÐVAR




Virknir og endurhæfing

Á árinu nýttu 517 einstaklingar sér þjónustu Virknihúss en þar má nálgast öll þau virkni- og endurhæfingar-úrræði sem velferðarsvið býr yfir. Á árinu fjölgaði þeim umtalsvert sem nýttu sér þjónustu Virknihúss, eða um 47%. Það skýrist helst af því að Atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar varð hluti af virkni- og endurhæfingar-úrræðum Virknihúss.




ÞÁTTTAKENDUR Í VIRKNIHÚSI



[Virkni- og endurhæfingaráttakendum Virknihúss](#) voru afar vel nýtt árið 2022. Í heild tóku 517 einstaklingar þátt í þeim á árinu, sem var fjölgun um 47%.

Aukningin skýrist helst af breyttu hlutverki Atvinnu- og virknimiðlunar, sem varð hluti af virkni- og endurhæfingaráttakendum Virknihúss þann 1. maí 2022. Hlutverki hennar var breytt á þann veg að þar er nú eingöngu lögð áhersla á atvinnu og virkni fyrir notendur sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.

ÞÁTTTAKENDUR EFTIR ENDURHÆFINGARÚRRÆÐUM VIRKNIHÚSS




■ 2020 ■ 2021 ■ 2022


Atvinnu- og virknimiðlun með breyttu sniði tók til starfa .. maí 2022 og miðast tölfræði því við fjölda notenda 1. maí-31. desember 2022.



Hvað segja notendur?

Á árinu var framkvæmd [úttekt á IPS](#) sem er einstaklingsmiðaður stuðningur við atvinnuleit. IPS hafði verið innleitt í tilraunaskyni til tveggja ára og var markmið úttektarinnar að læra af reynslunni og bæta árangur af úrræðinu til samræmis við velferðarstefnu Reykjavíkur. Í úttektinni var meðal annars gerð könnun meðal virkniráðgjafa á miðstöðvum og meðal notenda IPS.

**94%***notenda töldu IPS hafa mætt þörfum sínum***86%***notenda sögðust mæta skilningi ráðgjafa***86%***notenda sögðu að lögð hafi verið áhersla á að finna starf sem hentaði***82%***notenda töldu ráðgjöf við atvinnuleit nægjanlega***Allar kannanir og úttektir Reykjavíkurborgar í velferðarþjónustu****SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**



Ítarlegri tölfærði

Hér má sjá þróun undanfarinna þriggja ára á fjölda notenda helstu þjónustu sem velferðarsvið veitir. Nánari greiningu á þjónustu og notendahópum eftir bakgrunnsbreytum á borð við kyn, aldur, fjölskyldugerð og ríkisfang má nálgast á [tölfræðivef sviðsins](#). Þá sýnir [mælaborð velferðarþjónustu](#) fjölbreytta tölfærði sviðsins á myndrænan hátt.



FJÖLDI NOTENDA EFTIR TEGUND ÞJÓNUSTU

	2020	2021	2022
Heimastuðningur (áður félagsleg heimaþjónusta)	3.568	3.614	3.570
Fjárhagsaðstoð – allar tegundir	3.421	3.521	4.557
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	2.539	2.433	3.352
Barnavernd Reykjavíkur	2.939	3.112	2.885
Barnaverndartilkygningar	2.216	2.302	2.179
Heimahjúkrun	2.684	2.834	2.905
Sérstakur húsnæðisstuðningur – Félagsbústaðir	2.103	2.287	2.146
Sérstakur húsnæðisstuðningur – almennur markaður	2.039	2.338	2.351
Skólaþjónusta – tilvísanir, viðtalsbeiðnir og bráðamál	2.104	2.736	2.564
Greiningar í skólaþjónustu	869	1.249	1.155
Samkomulag um félagslega ráðgjöf	808	1.197	1.526
Akstursþjónusta fatlaðs fólks	898	925	963
Heimsending matar	1.347	1.122	1.018
Akstursþjónusta eldri borgara	592	624	697
Liðveisla við fatlað fólk, 18 ára og eldri	312	327	296
Einstaklingsstuðningur	393	400	360
Fjárhagsaðstoðarlán	441	217	148
Gistiskýli	222	228	298
Frekari liðveisla við fatlað fólk	258	275	280

	2020	2021	2022
Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf	133	192	198
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn	188	193	195
Stuðningsfjölskyldur	230	237	229
Lán til framfærslu	328	350	373
Umönnunarmat / fötluð börn	199	204	222
Húsnæðisúthlutanir – félagslegar leiguíbúðir	187	168	134
Grettistak	158	208	190
Skammtímadvalir fyrir fatlað fólk	168	126	145
Konukot	95	107	99
Þórrasel – fjöldi gesta	93	116	110
Vítatorg – fjöldi gesta	20	20	36
Húsnæðisúthlutun – þjónustuíbúðir	66	49	66
Vettvangsgeðteymi Reykjavíkur	54	75	
Unglingasmiðjur	48	31	48
Vistheimili barna	52	40	46
Tinna / Kvennasmiðja	75	89	92
IPS – einstaklingsmiðaður stuðningur við atvinnuleit	37	67	45
Styrkur vegna tækjakaupa, náms- og skólagjalda fyrir fatlað fólk	53	57	61
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	23	30	30
Samtals fjöldi notenda	17.167	18.564	19.418

**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**



Starfsemi

Sú þjónusta sem veitt er á velferðarsviði er afar margvísleg. Allir starfsstaðir sviðsins hafa það sameiginlega markmið að stuðla að auknum lífsgæðum fólks, hvort sem um er að ræða þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, fatlað fólk, eldra fólk, flóttafólk eða aðra íbúa Reykjavíkurborgar. Undir sviðið heyra 117 starfsstaðir og þar af eru 77 sem veita sólarhringsþjónustu. Starfsmannahópurinn er líka fjölbreyttur en að meðaltali starfa rúmlega 3.500 manns hjá velferðarsviði í hverjum mánuði.





Fjöldi starfsstaða



117


starfsstaðir á velferðarsviði



77

starfsstaðir veita sólarhringsþjónustu


KYNJASKIPTING STARFSFÓLKIS VELFERÐARSVIÐS ÁRIÐ 2022



Konur Karlar



Skipurit velferðarsviðs




**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**




Starfsfólk


Starfsfólk velferðarsviðs býr yfir margvíslegri menntun og reynslu. Fjölbreytni í starfsmannahópnum velferðarsviðs jókst á árinu 2022, meðal annars með fjölgun starfa sem tengjast þjónustu við flóttafólk og um-sækjendur um alþjóðlega vernd. Áfram fjölga starfsfólki á velferðarsviði á milli ára. Það skýrist meðal annars af fjölgun íbúðakjarna fyrir fatlað fólk en mikill meirihluti starfsfólks velferðarsviðs í þjónustu við fatlað fólk.



FJÖLDI STARFSFÓLKS AÐ MEÐALTALI Í MÁNUÐI



FJÖLDI STARFSFÓLKS EFTIR KYNI



Í hvaða málaflokkum vinnur starfsfólk velferðarsviðs?


49%
í málaflokki fatlaðs fólks

30%
í málaflokki eldra fólks

21%
í öðrum málaflokkum



ALDURSSAMSETNING STARFSFÓLKIS



**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**




Viðhorf og líðan

Á árinu 2022 tók könnunin Stofnun ársins við af árlegri viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar. Stofnun ársins er árleg könnun sem Sameyki stéttarfélag stendur að og eru niðurstöðurnar mælikvarði á frammistöðu starfsstaða þegar kemur að stjórnun, starfsanda, vinnuskilyrðum, sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, ímynd og jafnrétti.


Niðurstöðurnar voru í heildina mjög jákvæðar og kemur fram að rúmlega 86% starfsfólks borgarinnar er ánægt í starfi. Fimm starfsstaðir á velferðarsviði hlutu sérstaka viðurkenningu. Sambýlið að Viðarrima hafnaði í fyrsta sæti í hópi minni starfsstaða hjá Reykjavíkurborg og hlaut því titilinn stofnun ársins.



Á HEILDINA ER ÉG ÁNÆGÐ/UR Í STARFI




ÉG ER STOLT/UR AF STARFSSTAÐNUM MÍNUM




Fyrir hverja spurningu er reiknuð einkunn á bilinu 1 til 5 og er hærrí einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða.

MÉR LÍÐUR VEL Í VINNUNNI



STARFSSTAÐUR TALINN VERA TRAUSTUR*



*Þetta er ný spurning í könnuninni og því er ekki til eldri mæling til að bera saman við.

**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**



Rekstur

Rekstrarniðurstaða velferðarsviðs fyrir árið 2022 var 40.019 m.kr. sem var 1.196 m.kr. eða 3% umfram fjárheimildir. Alls störfuðu 3557 starfsmenn í 2313 stöðugildum.


Þegar frá eru dregnir bundnir liðir, þ.e. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur, var rekstrarniðurstaðan 35.823 m.kr. sem var 1.443 m.kr. eða 4,2% umfram fjárheimildir.

Frávik skýrist fyrst og fremst af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir 1.249 m.kr. og Covid-19 kostnaði 239 m.kr.



Móttaka og þjónusta við flóttafólk

Tölur í þúsundum króna



Gjöld og tekjur jukust á milli ára vegna móttöku og þjónustu við flóttafólk, en aukning í hópi flóttafólks sem fékk þjónustu á velferðarsviði nam 140%.




365,9 m.kr.

gjöld vegna móttöku og þjónustu við flóttafólk 2022

Fjárhagsaðstoð til erlendra ríkisborgara

Tölur í milljónum króna



Flóttafólk var 48% allra notenda fjárhagsaðstoðar árið 2022. Endurgreiðsla* vegna fjárhagsaðstoðar til erlendra ríkisborgara nam 1.700 m.kr. á árinu. Nánar er fjallað um þjónustu við flóttafólk í kafla sérstaklega tileinkuðum hópnum.



2.692 m.kr.


Gjöld vegna fjárhagsaðstoðar til erlendra ríkisborgara

*Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.



Heildarútgjöld í málefnum fatlaðs fólks

Tölur í milljónum króna




Gjöld vegna málefna fatlaðs fólks námu 18,8 ma. kr. á árinu. Af því eru 11,2 ma.kr. vegna umfangsmikillar búsetuþjónustu sem velferðarsvið rekur, en 502 einstaklingar þjuggu og fengu þjónustu í 63 íbúðakjörnum og sambýlum í Reykjavík á árinu 2022.

Nánar er fjallað um þjónustu við fatlað fólk í kafla sérstaklega tileinkuðum hópnum.

Gjöld vegna þjónustu við heimilislaust fólk

Tölur í þúsundum króna



3

neyðarskýli eru í Reykjavík,
tvö fyrir karla og eitt
fyrir konur

15

stöðugildi í VoR teymi
á árinu sem sinntu
110 einstaklingum


3

áfangheimili rekin af
velferðarsviði




Stærstu kostnaðarpættir á velferðarsviði


Tölur í milljónum króna



FJÖLDI VINNUSTUNDA



FJÖLDI VINNUSTUNDA





Rekstrargjöld velferðarsviðs eftir þjónustubáttum

Tölur í þúsundum króna

Kostnaðarstaður	Tekjur	Laun & tengd gjöld	Annar rekstur	Niðurstaða
Búsetuúrræði	-167.685	11.477.785	1.035.414	12.345.514
Samningar og styrkir	-247.414	112.653	5.464.855	5.330.094
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf*	-74.268	4.140.912	1.018.934	5.251.449
Stuðnings- og stoðþjónusta	-701	2.270.752	703.140	2.973.191
Fjárhagsaðstoð	-1.700.257	57.417	4.429.024	2.786.184
Heimaþjónusta og heimahjúkrun	-2.557.451	4.162.752	990.545	2.595.847
Ýmis úrræði	-481.518	343.735	2.010.237	1.872.454
Húsnæðisstuðningur	0	0	1.409.804	1.409.804
Þjónustuíbúðir	-169.173	1.117.154	241.338	1.189.318
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	-349.595	0	1.347.741	998.146
Félagsmiðstöðvar	-98.309	355.596	472.469	729.755
Dagþjónusta	-189.854	661.990	201.509	673.645
Próunarverkefni	-31.211	591.247	91.084	651.120
Hjúkrunarheimili	-1.879.958	1.809.984	558.592	488.619
Keðjan	0	0	376.792	376.792
Önnur gjöld	-1.284.001	532.779	1.079.737	328.515
Nefndir og ráð	0	33.570	3.292	36.862
Velferðarsvið samtals	-9.231.394	27.668.326	21.582.536	40.019.467

*þ.m.t. rekstur miðstöðva, Keðjunnar, skrifstofu velferðarsviðs og Barnaverndar Reykjavíkur.

Viltu vita meira?

Endurskoðaður ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

**SJÁ MEIRA
UM MIÐSTÖÐVAR**



Annáll

Stór og viðamikil verkefni af fjölbreyttu tagi einkenndu árið 2022 á velferðarsviði. Innleiðing fyrstu velferðarstefnu Reykjavíkurborgar hélt áfram af fullum krafti, meðal annars með sam- einingu skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu í miðstöðvum borgarinnar. Það tengdist jafn- framt innleiðingu Betri borgar fyrir börn í alla borgarhluta, verkefni sem ætlað er að stórbæta og auðvelda aðgengi barna og fjölskyldna þeirra að þjónustu.

24. janúar
2022



Á handahlaupum við að manna stöðurnar

Covid-faraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi velferðarsviðs í upphafi árs. Víðs vegar í viðkvæmri starfsemi velferðarsviðs glímdu stjórnendur við mikinn mönnunarfanda. Starfsfólk á íbúðakjörnum þar sem staðan var skárri hljóp í skarðið, auk þess sérfræðingar af skrifstofu velferðarsviðs fóru úr skrif- stofufötunum og í sóttvarnagallana til að redda málum.

[Lestu fréttina hér:](#)



01. febrúar 2022



Nýjar reglur um stuðning taka gildi

Nýjar reglur Reykjavíkurborgar tóku gildi sem fela í sér aukna samvinnu um þann stuðning sem veittur er. Með tilkomu reglnanna er lögð aukin áhersla á stafrænar lausnir og að einfalda umsýslu mála. Annars vegar er um að ræða reglur um stuðningsþjónustu og hins vegar reglur um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk.

[Lestu alla fréttina:](#)

07. febrúar 2022



Fjölskyldur fólks með Alzheimer fá aukinn stuðning

Tveggja ára þróunarverkefni um félagslegan stuðning við einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm og fjölskyldur þeirra hóf göngu sína. Félagslegur stuðningur er veittur innan eða utan heimilis í eitt til tvö skipti í viku, um kvöld og helgar, allt eftir þörfum fjölskyldunnar.

[Lestu alla fréttina:](#)



24. febrúar
2022



Undirbúa nýtt vistheimili fyrir ungmenni

Velferðarráð samþykkti að hefja undirbúning að stofnun nýs vistheimilis fyrir átta börn og ungmenni. Á sama tíma var ákveðið að loka vistheimilinu Hraunbergi og semja við Klettabæ ehf. um vistun fyrir allt að fimm ungmenni þar til hið nýja úrræði verður komið á laggirnar.

[Lestu alla fréttina:](#)

03. mars
2022




Verkefninu Betri borg fyrir börn ýtt úr vör

Miklar væntingar eru bundnar við verkefnið Betri borg fyrir börn sem var formlega ýtt úr vör við hátíðlega athöfn. Ætlunin er að bæta þjónustu, færa hana nær notendum og auðvelda aðgengi að henni, meðal annars með stafrænum lausnum, nýrri nálgun í sérfræðiþjónustu og stóraukinni samvinnu.

[Lestu alla fréttina:](#)



09. mars
2022



Ylja hóf starfsemi

Rauði krossinn hóf starfsemi örugga neyslurýmisins Ylju, með samningi við velferðarsvið og starfsleyfi frá Embætti Landlæknis. Neyslurýmið byggir á hugmyndafræðinni um skaðaminnkun en í því felst að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum notkunar vímuefna.

[Lestu alla fréttina:](#)

18. mars
2022



Meirihlutinn telur sig búa við sjálfstæði

Ein umfangsmesta könnun sem lögð hefur verið fyrir fatlað fólk hér á landi var kynnt á velferðarkaffi, opnum fundi velferðarráðs. Öllum íbúum á íbúðakjörnum og sambýlum á vegum Reykjavíkurborgar var boðin þátttaka í könnuninni.

[Lestu fréttina hér:](#)



29. apríl
2022



Mikilvægt að halda vel utan um hópinn

Á velferðarkaffi var fjallað um komu flóttafólks frá Úkraínu til Íslands. Farið var yfir aðgerðir sem hið opinbera hefur gripið til vegna stöðunnar sem upp er komin og um hvaða hlutverki Reykjavíkurborg gegnir, sem dvalarstaður langflestra sem til landsins koma.

[Lestu fréttina hér:](#)

04. maí
2022



Fjórar miðstöðvar Reykjavíkurborgar fá ný nöfn

Í kjölfar nafnasamkeppni fengu fjórar miðstöðvar Reykjavíkurborgar, þar sem fram fer margþætt velferðar-, skóla- og frístundaþjónusta, ný nöfn: Vesturmiðstöð, Suðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Norðurmiðstöð.

[Lestu fréttina hér:](#)



09. maí
2022



Lífsgæðakjarnar fyrir eldra fólk

Borgarstjóri skrifaði undir samninga við fulltrúa Samtaka aldraðra og Leigufélags aldraðra um uppbyggingu svokallaðra lífsgæðakjarna sem munu rísa við Leirtjörn í Úlfarsárdal, í Gufunesi og við Ártúnshöfða með allt að 300 íbúðum fyrir eldri borgara.

[Lestu alla fréttina:](#)

21. júní
2022



Nýtt húsnæði Barnaverndar sérsniðið að þörfum fjölskyldna

Nýtt húsnæði Barnaverndar Reykjavíkur er sérsniðið að þörfum foreldra og barna. Á hverju ári tekur starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur á móti fjölda barna og fjölskyldna þeirra í húsnæði sínu, í viðtöl af ýmsu tagi.

[Lestu alla fréttina:](#)



29. júní
2022




Alheimersamtökin taka við Foldabæ

Skrifað var undir samning um að sérhæfð dagþjálfun fyrir fólk með heilabilun – Fríðuhús – sem Alheimersamtökin reka flytji í húsnæði Foldabæjar í Grafarvogi. Á sama tíma taka samtökin tímundið við rekstri Foldabæjar, sem er sambýli fyrir konur með heilabilun.

[Lestu alla fréttina:](#)

21. júlí
2022




Athugun á vöggustofum að hefjast

Borgarráð samþykkti skipun nefndar um heildstæða athugun á starfsemi vöggustofu að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Nefndin skal vera sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Henni verður heimilt að kalla eftir aðstoð og upplýsingum frá aðilum innan og utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

[Lestu alla fréttina:](#)



11. ágúst 2022



Nýtt áfangaheimili fyrir konur

Fyrsta áfangaheimili á vegum Reykjavíkurborgar sem sérstaklega er ætlað konum var opnað í miðborginni. Þrettán konur eiga þar heimili. Áfangaheimili er tímabundið húsnæði til að leysa bráðan húsnæðisvanda þeirra sem hafa átt við áfengis- og annan vímuefnavanda að stríða og eru í virkri endurhæfingu eftir meðferð.

[Lestu alla fréttina:](#)

30. ágúst 2022



168 íbúðir fyrir fatlað fólk fyrir árið 2028

Borgarráð hefur samþykkt endurskoðaða uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk sem gerir ráð fyrir hraðari uppbyggingu og styttingu biðlista. Samkvæmt henni er Félagsbústöðum falið að byggja 20 nýja íbúðakjarna með 120 íbúðum, auk þess að útvega 48 íbúðir.

[Lestu alla fréttina:](#)



01. september 2022



„Ég held að það verði svakalega gott að búa hérna“

Félagsbústaðir afhentu velferðarsviði fimmta íbúðakjarnann fyrir fatlað fólk á árinu 2022. Íbúðakjarninn er í Hagaseli í Breiðholti. Hann er í Svansvottunarkerli og er fyrsta fjölbýlishúsið sem Félagsbústaðir byggja af því tagi. Þar munu sjö fatlaðir einstaklingar eiga heimili.

[Lestu alla fréttina:](#)

22. september 2022



Rannveig ráðin sviðsstjóri velferðarsviðs

Borgarráð samþykkti ráðningu Rannveigar Einarsdóttur í stöðu sviðsstjóra velferðarsviðs en hún tók við af Reginu Ásvaldsdóttur. Á sama tíma samþykkti borgarráð ráðningu Eiríks Björns Björgvinssonar í stöðu sviðsstjóra nýs samei-naðs sviðs menningar, íþróttá- og tómstunda.

[Lestu alla fréttina:](#)



11. október 2022



Segja viðmót starfsfólks gott

Mikil ánægja er meðal fólks sem fær heimahjúkrun með þá þjónustu sem það fær inni á heimilum sínum. Þetta sýnir nýleg könnun en markmið hennar var að meta gæði þjónustu heimahjúkrunar og kanna hug notenda til hennar.

[Lestu alla fréttina:](#)

19. nóvember 2022



1500 flóttamenn til Reykjavíkur

Samningur um samræmda móttöku flóttafólks í Reykjavík var undirritaður en í honum fólst að að Reykjavíkurborg tæki í samstarfi við stjórnvöld á móti allt að 1.500 flóttamönnum á tímabilinu 1. október 2022 til 31. desember 2023.

[Lestu alla fréttina:](#)



25. nóvember
2022



Fjörugt félagslíf eldra fólks

Það var fullt hús á velferðarkaffi, opnum fundi velferðarráðs, þegarmálefni eldra fólks í Reykjavík voru til umræðu út frá ýmsum sjónarhornum. Meðal annars fengu viðstödd innsýn í félagsstarf eldra fólks í Grafarvogi sem er með fjörugra móti.

[Lestu alla fréttina:](#)

08. desember
2022




Þjónustan verði tryggð

Tilkynnt var um breytingar á Vin og unglingsmiðjunum Stíg og Tröð í stórum pakka af hagræðingar- og umbótatillögum sem samþykktar voru í borgarstjórn. Lögð var áhersla á að ekki komi til skerðingar á lífsgæðum þeirra sem nýta þjónustuna.

[Lestu alla fréttina:](#)



22. desember
2022



Kallað eftir stefnumótun á landsvísu

Málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir voru mikið til umræðu á haustmánuðum 2022. Velferðarráð hélt aukafund til að ræða málefni hópsins. Var þar meðal annars kallað eftir landsstefnumótum um hvernig eigi að koma í veg fyrir að fólk verði heimilislaust á Íslandi.

[Lestu alla fréttina:](#)

Takk fyrir



REYKJAVÍK
— fyrir okkur öll